

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 2. ml. 2. mgr. 24. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og tekur gildi 1. janúar 2000.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II,  
Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. desember 1999.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

**um 1. breytingu á reglugerð nr. 748/1998 um greiðslur  
almannatrygginga í lyfjakostnaði.**

1. gr.

1. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávisun (ordination) skal miðast mest við 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækn-ingaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

|                              | <u>ATC-flokkur</u> |
|------------------------------|--------------------|
| a. Lyf við sársjúkdómi ..... | A 02 B             |
| b. Sveppalyf .....           | J 02               |
| c. Veirulyf .....            | J 05 AB            |
| d. Geðdeyfðarlyf .....       | N 06 AB            |

2. gr.

3. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.200 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.200 kr. greiðir sjúkratryggður 60%, en þó aldrei meira en 2.400 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 400 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 400 kr. skulu þeir greiða 30%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

4. gr. hljóði svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrá með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.200 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.200 kr. greiðir sjúkratryggður 80%, en þó aldrei meira en 3.800 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 400 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 400 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 1.100 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

4. gr.

5. gr. b. staflidur; við bætist eftirfarandi:

D 01 B Sveppalyf til inntöku

5. gr.

5. gr. b. staflidur; niður fellur eftirfarandi:

R 01 B Neflyf, ætluð til inntöku

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. janúar 2000.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. desember 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Ingolf J. Petersen.*